



## Samþykkt um byggingarnefnd í Fjarðabyggð (DRÖG Í ENDURSKOÐUN)

### 1. gr.

Byggingarfulltrúi Fjarðabyggðar fer með verkefni sem mælt er fyrir um í lögum nr. 160/2010 um mannvirki og ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, þar á meðal útgáfu byggingarleyfa.

### 2. gr.

Skilyrði fyrir útgáfu byggingarleyfis af hálfu byggingarfulltrúa, samkvæmt III. kafla laga um mannvirki, er að umhverfis- og skipulagsnefnd hafi samþykkt útgáfuna, en nefndin annast verkefni byggingarnefndar, sbr. samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 252/2022 ásamt viðaukum og 7. gr. laga um mannvirki.

### 3. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa samráð við umhverfis- og skipulagsnefnd um hvert það mál sem hann telur að varði verksvið nefndarinnar.

Byggingarfulltrúi skal leita samþykkis umhverfis- og skipulagsnefndar áður en byggingarleyfi er veitt, varði breyting á mannvirki útlit þess og form, nema breyting sé óveruleg, sbr. 5. mgr. 9. gr. laga um mannvirki.

### 4. gr.

Um málsmeðferð gilda að öðru leyti, eftir því sem við á, ákvæði sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, laga nr. 160/2010 um mannvirki, skipulagslaga nr. 123/2010, samþykktar um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 252/2022 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

### 5. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslu byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar nr. 820/2013.

Jón Björn Hákonarson  
bæjarstjóri

Samþykkt í bæjarráði þann  
Samþykkt í bæjarstjórn þann við síðari umræðu